

Nd.

932. Nefndarálit

[250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur kynnt sér málið og kallað til fundar við sig Árna Benediktsson framkvæmdastjóra, Hjalta Einarsson forstjóra og Þóri Daníelsson framkvæmdastjóra.

Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins og skilar minni hl. séráliti.

Fjölmörg verkalyðsfélög hafa sent áskoranir til nefndarinnar um að samþykkja frumvarpið, en fulltrúar atvinnurekenda hafa lagt gegn samþykkt þess.

Með frv. er lagt til að launalaust starfshlé, sem fyrirtæki eða atvinnurekandi geta ákveðið vegna ófyrirsjáanlegra áfalla, verði stýtt verulega frá því sem nú er. Slíkt mundi hafa í för með sér að greiðsluskylda færðist af Atvinnuleysistryggingasjóði yfir til atvinnufyrirtækja. Í langflestum tilvikum er um að ræða launalaust starfshlé vegna rekstrarstöðvunar í fiskvinnslu. Í þeirri atvinnugrein hafa kjarasamningar um kauptryggingu þó tryggt starfsfólki viku fyrirvara gagnvart rekstrarstöðvun vegna hráefnisskorts. Í öðrum greinum hafa og verið gerðir kjarasamningar um takmörkun á beitingu heimildar 3. gr. 1. nr. 19/1979 sem frumvarpið fjallar um.

Sem betur fer hefur verulega áunnist á undanförunum árum í þeim efnum að jafna hráefnisöflun í fiskvinnslunni og vonandi næst enn betri árangur á næstunni með samhæfingu veiða og vinnslu. Öllum er ljóst að eins og sakir standa er ákaflega erfitt fyrir fiskvinnsluna að taka á sig þann kostnað sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli á atvinnureksturinn í stað Atvinnuleysistryggingasjóðs. Miklar líkur eru til þess að slík tilfærsla greiðslubýrðarinnar mundi í raun leiða til uppsagna í meira mæli en nú tíðkast og þar með minnka atvinnuöryggi. Í þessu sambandi ber einnig að hafa það í huga að samkvæmt nýsamþykktum lögum frá Alþingi eru atvinnuleysistryggingabætur oft og einatt hærri en kauptryggingin.

Meiri hl. nefndarinnar er ljóst að frumvarpið fjallar um vandamál sem eðlilegt er að rætt sé á Alþingi og tekur undir það með flutningsmönnum að ójöfn framleiðsla í fiskvinnslu og þar af leiðandi öryggisleysi starfsfólks getur leitt til þess að fólk sækir úr atvinnugreininni. Tíð mannaskipti í þessari stærstu og mikilvægustu útflutningsgrein þjóðarinnar geta því bitnað á gæðum framleiðslunnar.

Svo sem að framan er rakið er sá vandi, sem frumvarpið vísar til, margþættur þannig að hann verður varla leystur með einföldu lagaboði. Til að treysta atvinnuöryggi í fiskvinnslu þarf víðtækari ráðstafanir sem m. a. lúta að stjórn og samhæfingu veiða og vinnslu, auk annarra þátta sem eru á valdi aðila vinnumarkaðarins. Því er brýnt að víðtæk samstaða náist með aðilum á vinnumarkaði og stjórnvöldum um úrbætur í þessu efni. M. a. af þeim ástæðum, og í trausti þess að samstaða náist um úrbætur, telur meiri hl. nefndarinnar eðlilegt að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. maí 1985.

Friðrik Sophusson,
form., frsm.

Stefán Valgeirsson.

Eggert Haukdal.

Stefán Guðmundsson.

Halldór Blöndal.